



Viðtakandi: umhverfis og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og eignaumsjónar

Reykjavík, 23. október 2025

MINNISBLAÐ

Ástandsmat gangstétta og gönguleiða í Reykjavík 2025 – svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Þetta minnisblað inniheldur svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins, frekari útskýringar og tölulegar upplýsingar úr ástandsmatinu, til viðbótar við þá kynningu sem fór fram 29.04.2025 fyrir ráðið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa óskað eftir að fá afhent ástandsmat vegna viðhalds gangstétta og göngustíga í Reykjavík. Þar segir:

„Vinna við slíkt ástandsmat hefur staðið árum saman og eðlilegt er að upplýsa borgarfulltrúa um afrakstur þeirrar vinnu.“

Hið rétta er að vinna við núverandi ástandsmatið hófst síðasta vetur, þar sem ákveðið var að taka saman upplýsingar frá eldra ástandsmati (frá árunum 2002 og 2012) til uppfærslu. Starfsmaður skrifstofu framkvæmda og viðhalds bauðst til að hafa kynningu á starfinu og ástandsmatinu í lok apríl síðastliðnum, til að útskýra vinnulag og forgangsörðun við ákvarðanir og þannig reyna að útskýra hvernig starfsfólk vinnur af heilindum að því að nýta fjármagn og þekkingu sína sem best með hag borgarbúa að leiðarljósi. Í ástandsmatinu er leitast eftir að taka saman allar helstu upplýsingar sem geta aðstoðað við mat, ákvörðun og forgangsörðun, með það að markmiði að taka gagnadrifnar ákvarðanir. Þannig er t.d. búið að safna saman upplýsingum um ábendingar, slys, hvers kyns þjónustu sem borgin sinnir ásamt framkvæmdum okkar og annarra samstarfsaðila. Allt þetta miðar að því að hafa tiltæk gögn og upplýsingar sem að lokum munu rata inn í fyrirhugaða viðhaldsáætlun.


Að mati starfsmanns og yfirmanna er ástandsmatið vinnugagn sem einungis starfsmenn munu hafa aðgang að og telst því undanþegið upplýsingarétti.

Ástandsmatið byggir á mati á yfirborðsefnum gangstétta og göngustíga í borginni. Mest er unnið með þrjú yfirborðsefni og verða tölulegar upplýsingar í þessu minnisblaði miðuð út frá því. Í ástandsmatinu er miðað við 4 flokka þar sem því er skipt upp myndrænt í litakóða eftir því hversu heilt yfirborðið er og eru flokkarnir eftirfarandi:

- | | |
|---|---------------------------------------|
|  Skemmdarflokkur A | 70 – 100 % heilt – almennt talið gott |
|  Skemmdarflokkur B | 40 – 70 % heilt – viðunandi |
|  Skemmdarflokkur C | 10 – 40% heilt – lélegt |
|  Skemmdarflokkur D | 0 – 10 % heilt – óviðunandi |



Reykjavík




Ástand og tegund yfirborðs er færð inn á kort inn í landupplýsingakerfi Reykjavíkur, LUKR, þar sem hægt er að vinna nánar með og greina ástand, gerð og aldur með tölfræðilegum upplýsingum. Áætlunin er að matið verði lifandi grunnur með upplýsingum þar sem ástandsmat og framkvæmdir hvers árs eru skráðar ásamt breytingum á yfirborði og uppfærðar eftir því sem við á. Með þessu móti er hægt að safna upplýsingum um ástand og sögu og byggja á þeim nýja áætlun.

Heildarflatarmál gönguleiða í Reykjavík er um 2.300.000 m². Almennt er áætlað að endingartími gönguleiða sé um 50 ár. Árleg endurnýjunarþörf er því um 46.000 m² eða um 2% af heildarflatarmáli gönguleiða. Búið er að taka saman tölulegar upplýsingar um 20 ára aftur í tímann sem gefa nokkra hugmynd um uppsafnaða viðhaldsþörf. Til upplýsingar og fyrirvara þarf að fara yfir forsendur sem notaðar eru í línuritinu.

- Heildarfermetrafjöldi gangstétta og gönguleiða aftur er tímann er reiknaður út frá meðaltali stækkunar og meðalbreidd þeirra.
- Það gæti vantað inn upplýsingar um framkvæmdaverkefni og viðgerðir/endurbætur á einhverjum árum.
- Ekki er búið að skoða samræmi við aldur stétta
- Viðhaldsþörf er sömuleiðis reiknuð aftur á bak út frá forsendum stærðar kerfisins.





Mynd 1 Reiknuð viðhaldspörf

Fyrstu bráðabirgðatölur úr ástandsmatinu (sem er enn ekki uppfært með þeim framkvæmdum sem hafa farið fram í sumar) eru þær að:

- um 98.000 m² eru í flokknum 0 – 10% heilt.
- hlutfallsskipting steypu/hellu/malbiks er 56/17/28 %

Forgangsroðun, fer eins og áður segir, eftir ýmsum þáttum sem og því fjármagni sem veitt er til viðhalds hverju sinni. Til glöggvunar þá verður farið yfir nokkrar tölulegar upplýsingar.

Heildarfjárveiting í viðhaldsmál skiptist svona:

Viðhaldsáætlun	Áætlun	Raun	Hlutfall af áætlunum kostnaði hvers liðs	Hlutfall af heildarmagni (raun)
Hellulagðar gönguleiðir	64.552.426 kr	103.389.191 kr	160%	75%
Malbikaðar gönguleiðir	7.352.238 kr	3.716.637 kr	51%	3%
Steyptar gönguleiðir	41.379.505 kr	30.442.498 kr	74%	22%
Heild	113.284.169 kr	137.548.326 kr	121%	

Það sem af er ári höfum við farið 21% fram yfir kostnaðaráætlun á viðhaldi og sjá má hlutfallsskiptingu, bæði miðað við hvernig hver liður er m.t.t. áætlunar og einnig hlutfall af raun heildarupphæð.

Ef við skoðum hluta af fjárhagsáætlun, þangað sem verkefni hafa verið skriftuð, vegna umframkeyrslu á viðhaldsliðum, er staðan þessi:



Fjárfestingaáætlun	Raun	Hlutfall af heildarmagni (raun)
Göngustígaáætlun, umhverfis og aðgengismál		
Hellulagðar gönguleiðir	1.947.594 kr	4%
Malbikaðar gönguleiðir	21.098.219 kr	48%
Steyptar gönguleiðir	21.119.470 kr	48%
Heild	44.165.283 kr	

Ef þetta er tekið saman í það heildarfjármagn sem er komið í viðhald á þessu ári, af báðum þessum liðum, er summan:

Heildarsumma viðhalds	181.713.609 kr
------------------------------	-----------------------

Hlutfallsskipting yfirborðsefna af þessari fjárhæð er:

Hellulagðar gönguleiðir	58%
Malbikaðar gönguleiðir	14%
Steyptar gönguleiðir	28%

Til að bera saman áætlun úr ástandsmati og þeirri raun sem hefur verið framkvæmd núna af ári, má sjá að samræmið er nokkuð gott.

Núna liggur fyrir, til samþykktar, fjárhagsáætlun næsta árs þar sem gert er ráð fyrir um 400 milljónum í göngustígaáætlun. Eins og sakir standa, er það skilgreint bæði í nýframkvæmdir og viðhald. Ef við skoðum fyrirhugaða heildarfjárveitingu á fjárhagsáætlun og miðum við reyndartölur úr nýframkvæmdum má gera ráð fyrir að við getum búið til um 2 km af nýjum stígum fyrir 400 milljóna króna fjárveitingu. Ef við skoðum sömu upphæð og miðum við reynslutölur úr viðhaldi mætti áætla að við gætum lagfært/endurbætt um 4,5 km. Það er allt sett fram með fyrirvara um umfang framkvæmda.

Mikið af þeim göngustígum/gönguleiðum sem liggja undir skemmdum þurfa endurskoðun m.v. núverandi staðla og aðstæður sem hafa breyst frá því þær voru settar upp. Þar má nefna breidd, aðgengismál, undirvinna(fyllingar) og aukin umferð meðal annars. Allir útreikningar í þessu svari miða einnig við að endingartími gangstétta og gönguleiða sé um 50 ár. Margt bendir til að þessar tölur geti verið aðrar og minni (endingartími um 35 ár) en helstu breytur þar eru aukin notkun salts í snjóhreinsun, stærri og þyngri snjómoksturstæki, fleiri hjólastígar með malbiki með annan líftíma. Þessu til viðbótar er ekki tekið sérstakt tillit til fyrirhugaðra framkvæmda annarra aðila, sem binda hendur borgarinnar í framkvæmd og lagfæringu samhliða því. Þar má einna helst nefna Veitur, bilanir og endurnýjun hjá þeim á kerfinu sínu, samhliða þéttingareitum og minni verkefni í tengslum við afnotaleyfi af borgarlandi.

Eins og upphaflegu forsendurnar eru í þessu minnisblaði (að endurnýjunarþörf er 2% af heildarflatarmáli kerfisins) er árleg endurnýjunarþörf/viðhald um 18,4 km. Því liggur það ljóst fyrir að það fjármagn sem er sett í viðhald sem og það sem er áætlað á fjárhagsáætlun, helst ekki í hendur við raunverulega þörf í viðhaldsmálum gangstétta og göngustíga. Miðað við rauntölur á stækkun kerfisins á ári (að meðaltali 11 km hingað til) ætti fjárveiting að aukast að lágmarki um 20 milljónir á hverju ári, sé miðað



við 50 ára endingartíma en 28 milljónir ef við miðum við 35 ára endingartíma. Það er því ljóst að það fjármagn sem er sett í viðhald á hverju ári er ekki nægilegt til að sinna þeim verkefnum sem ætti að endurnýja/viðhalda. Fjármagn hefur ekki aukist samhliða aukningu á gangstétta og göngustígakerfinu.

Samantekt á fyrirspurnum sem hafa borist skrifstofunni frá umhverfis- og skipulagsráði v. gangstéttaviðgerða frá áramótum er eftirfarandi:

	0-10% heilt	
Tillaga	lágildi	hágildi
Skeljanes	9,000,000 kr	15,000,000 kr
Tunguvegur	4,500,000 kr	6,500,000 kr
Ægisgata	9,000,000 kr	15,000,000 kr
Vesturhluti Hringbrautar	9,000,000 kr	16,000,000 kr
Granaskjól	6,000,000 kr	7,500,000 kr
Rofabær	18,000,000 kr	24,000,000 kr
Selásbraut	10,000,000 kr	10,000,000 kr
Listabraut	3,500,000 kr	4,000,000 kr
Brekkugerði	7,000,000 kr	10,000,000 kr
Meistaravellir	4,000,000 kr	6,500,000 kr
Strengur	1,200,000 kr	2,000,000 kr
Rangársel	3,500,000 kr	4,000,000 kr
Kaplaskjólsvegur	3,000,000 kr	4,000,000 kr
Tungusel	5,500,000 kr	7,000,000 kr
Öldusel	4,500,000 kr	6,000,000 kr
Ljósvallagata - austurkantur	15,000,000 kr	25,000,000 kr
	112,700,000 kr	162,500,000 kr

Þessi listi var borinn saman við ástandsmatið og þar má sjá samhengi. Allir þessir staðir falla innan þeirra staða sem tilgreindir eru í ástandsmatinu. Einhver tilfelli falla utan þeirra marka sem við erum að afmarka okkur við (radíus frá þjónustu, hættu o.fl.). Við útreikning á kostnaði er miðað við reynslutölur af svipuðum verkefnum. Þess ber þó að geta að umfang framkvæmda er afar mismunandi eftir eðli þeirra eða annarra aðgerða sem þarf að grípa til (vatnssöfnum, skoða stærra svæði, efnisskipti undir stéttum sem dæmi). Ef við skoðum það fjármagn sem var á viðhaldsáætlun fyrir þetta ár (113 milljónir), þá væru þessar tillögur að klára þann pening léttilega. Eins og áður kom fram höfum við keyrt fram úr þeim liðum á viðhaldsáætlun og sett fjármagn annars staðar í viðhald, til að reyna að vinna upp þá gríðarlegu innviðaskuld sem við erum komin í með viðhald gangstétta og gönguleiða.



Allt þetta miðar að því að vinna að gerð viðhaldsáætlunar. Engin viðhaldsáætlun hefur verið uppfærð síðan 2012 en með nýrri áætlun erum við að horfa á betri skipulagningu verkefna, skilgreiningu á viðhaldi/endurnýjun og markvissara aðhaldi og eftirfylgni með verkefnum hjá okkur og uppfærslu á ástandsmatinu. Við stefnum enn fremur að auknu samstarfi með lagnaeigendum í ljósi endurnýjunar, aldri lagnakerfis og þéttingu byggðar.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Sigursteinsdóttir
Skrifstofa framkvæmda og eignaumsjónar
Umhverfis- og skipulagssvið

Meðfylgjandi eru dæmi um verkefni.



Mynd 2 Akrasel: hellulögn fyrir og eftir



Mynd 3 Steypt stétt við Bleikju- og Birtingakvísl